

Leiðbeiningar um framsal milli þjónustuaðila

Tilgangur:

Að gera þjónustuaðilum fært að eiga viðskipti með endurvinnsluefni sín á milli og jafnframt geti Úrvinnslusjóður fengið réttar upplýsingar um feril efnisins.

Sá sem hefur safnað efni og hefur ekki tækifæri til að ráðstafa því endanlega getur framselt efnið til annars þjónustuaðila sem hefur samning við Úrvinnslusjóð í viðkomandi vöruflokki. Þessir aðilar kallast þjónustuaðili 1 [P¹] og þjónustuaðili 2 [P²].

Söfnunaraðilinn, P¹, gerir grein fyrir söfnun í skilgrein og ráðstafar með framsali, tegund ráðstöfunar: FR, til P². Flutningsjöfnun greiðist þá til söfnunaraðilans P¹ skv. venjulegum reglum.

Þjónustuaðilinn sem tekur við vörunni P² skráir svo P¹ sem úrgangshafa í sína skilgrein og uppruni er T sem merkir: Frá þjónustuaðila. Póstnúmer er 100 þannig að ekki sé greidd flutningsjöfnun aftur fyrir sömu vöru.

P² gefur P¹ móttökustaðfestingu vegna vörunnar. Eyðublað er að finna á vef Úrvinnslusjóðs en einnig má nota útskrift úr vigtarkerfum fyrirtækjanna. Allar upplýsingar skulu vera skráðar á sama hátt hjá báðum aðilum svo sem dagsetningar og vigtartölur. Staðfestingin, undirrituð og dagsett, fylgir uppgjöri P¹ til sjóðsins.

Það ber að hafa í huga að nauðsynlegt er að skilgrein með upplýsingum um uppruna og framsal frá P¹ hafi borist sjóðnum áður en varan verður ráðstöfunarhæf hjá P².

Það er á ábyrgð þess sem tekur við vöru sem heyrir undir lög um úrvinnslugjald (P²) að kynna sér hvort söfnunaraðilinn sé viðurkenndur þjónustuaðili hjá Úrvinnslusjóði. Hið sama á við um þann sem framselur slíka vöru (P¹). Hann skal kynna sér hvort móttakandi sé með samning við Úrvinnslusjóð.

Einfalt ferli framsals í skilgreinum P¹ og P²

Söfnun P¹

Skilgrein	Þjónustuaðili	Tímabil	Vörunúmer	Villuleit		
11111	Þjónustuaðili 1	01.01.15 til	31.01.15 PAPBYL	Skodið athugasemdir sem birtast í þessum dálki		
		Heildarsöfnun: 28.000 kg				
Kennitala úrgangshafa	Úrgangshafi	Póstnr. úrgangshafa	Dags. Söfnunar	Söfnun [kg]	Uppruni	Flutningsjöfnun [kr]
100000-0009	D	640	04.01.15	4.000	A	33.680 kr.
200000-0009	B	110	02.01.15	2.000	B	0 kr.
300000-0009	A	109	01.01.15	1.000	F	0 kr.
300000-0009	A	109	07.01.15	7.000	F	0 kr.
400000-0009	C	111	03.01.15	3.000	F	0 kr.
500000-0009	E	400	05.01.15	5.000	S	0 kr.
600000-0009	F	320	06.01.15	6.000	X	55.080 kr.

Ráðstöfun P¹

P¹ fær greidda flutningsjöfnun með framseldu magni

Skilgrein	Þjónustuaðili	Tímabil	Skilgrein samþykkt	Vörunúmer	Ráðstöfun		
11111	Þjónustuaðili 1	01.01.15 til	31.01.15	00.01.00 PAPBYL	Bylgjuþappi - umbúðir		
		Til ráðstöfunar: 28.000 kg			0 kg		
		Samtals ráðstöfun í skilgrein: 15.000 kg			15.000 kg		
					Ekki ÚRVS Skv. skilmálum		
Dagsetning kvittunar frá ráðstöfunaraðila	Kennitala ráðstöfunaraðila	Ráðst. land	Teg ráðst	Ráðstöfun [kg]	Dags. Sendingar	Texti (gámanr. eða annað)	Greitt [kr]
31.01.15	222000 0009	Þjónustuaðili 2	Ísland	FR	15.000	31.01.15	0
					Endurgjald	0 kr	án vsk
					Flutningsjöfnun	47.550 kr	án vsk
					Samtals til greiðslu nú	58.962	kr m/vsk

Söfnun P²

Skilgrein	Þjónustuaðili	Tímabil	Vörunúmer	Villuleit		
22222	Þjónustuaðili 2	01.01.15 til	31.01.15 PAPBYL	Skodið athugasemdir sem birtast í þessum dálki		
		Heildarsöfnun: 15.000 kg				
Kennitala úrgangshafa	Úrgangshafi	Póstnr. úrgangshafa	Dags. Söfnunar	Söfnun [kg]	Uppruni	Flutningsjöfnun [kr]
111111-1111	Þjónustuaðili 1	100	31.01.15	15.000	T	